

Dagsetning: 5. október 2010

Móttakandi: Dómsmálaráðuneytið / Jón Magnússon

Sendandi: Deloitte FAS / Árni Jón Árnason og Jóhann Guðjónsson

Efni: Kostnaðarauki við staðsetningu á nýju fangelsi

Fyrirvari

Vakin er athygli á að hér er einungis um minnisblað að ræða, enda hefur ekki verið farið ítarlega yfir alla þá þætti sem kunna að skipta máli varðandi efni þess. Frekari skoðun kynni að leiða til þess að umfjöllun minnisblaðsins og niðurstöður þess yrðu aðrar en hér eru kynntar. Af þessum sökum tekur Deloitte enga ábyrgð á ályktunum eða ákvörðunum sem teknar eru á grundvelli minnisblaðs þessa.

Inngangur

Fyrir liggur að bjóða út staðsetningu og byggingu á nýju fangelsi sem ætlað er að sinna gæsluvarðhaldsföngum og afplánunarföngum í skemmri vistun. Dómsmálaráðuneytið hefur beðið Deloitte FAS að reikna kostnaðarauka tengdan staðsetningu fangelsisins. Þeir kostnaðarliðir sem hafa áhrif þegar litið er til staðsetningar eru fjölmargir og fjölbreyttir í eðli sínu.

Áhersla var lögð á að greina hvaða liðir hefðu kostnaðartengd áhrif í för með sér. Ekki er t.a.m. hægt að skilgreina biðtíma eftir fanga í héraðsdóm eða hæstarétti sem fjarlægðartengdan kostnað þar sem sá biðtími er skv. upplýsingum frá verkkaupa sá sami óháð staðsetningu fangelsis.

Eftir fundi með Fangelsismálastofnun og Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu er lögð áhersla á fjóra kostnaðarliði; kostnað vegna yfirheyrsla á gæsluvarðhaldsföngum, vegna túlkapjónustu, flutnings fanga í dómsal og ferðakostnað lögfræðinga í opinberum málum.

Minnisblaðið mun veita samandregnar niðurstöður ásamt niðurstöðum einstakra liða á ársgrundvelli og yfir áætlaðan nýtingartíma fangelsisins eða 40 ár. Einnig munu forsendur útreikninga verða útskýrðar og sjálfar reikniformúlurnar sýndar í viðauka.

Skilgreining á verkefninu

Kostnaðaraukinn er metinn miðað við að fangelsið verði byggt í tiltekinni fjarlægð frá Hólmsheiði/höfuðborgarsvæðinu eða 55 kílómetra. Við framkvæmd verkefnisins voru haldnir fundir með starfsmönnum Fangelsismálastofnunar og Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu til að afla upplýsinga um þær forsendur sem þörf er á við útreikninginn.

Forsendur fyrir niðurstöðum útreikninga eru alfarið komnar frá verkkaupa og fyrrgreindum stofnunum og Deloitte FAS leggur ekki sjálfstætt mat á áreiðanleika þeirra.

Kostnaðarliðir sem ekki eru hluti af útreikningi

Eftir fundi með starfsmönnum Fangelsismálastofnunar og Lögreglu höfuðborgarsvæðisins er ljóst að þeir kostnaðarliðir sem fjallað er um í minnisblaðinu eru síður en svo tæmandi þegar litið er til þess að meta kostnaðaraukann við staðsetningu á nýja fangelsinu.

Þau atriði sem vert er að vekja athygli á og ættu að hafa áhrif á ákvörðunartöku, en eru ekki hluti af þeirri greiningu sem fer fram hér, eru t.d. flutningur fanga á heilbrigðistofnanir, flutningur í vinnu eða skóla, ferðir vegna jarðarfara eða fylgdarleyfa og ferðir sálfræðinga

Samkvæmt Fangelsismálastofnun er fyrirhugað að loka núverandi rýmum til gæsluvarðhalds þegar hið nýja fangelsi er komið í gagnið. Við lokun núverandi rýma er sú kvöð til staðar að bjóða fangelsisvörðum sambærileg störf innan höfuðborgarsvæðisins. Ef byggt verður utan höfuðborgarsvæðisins telst starfið ekki vera sambærilegt því sem unnið er nú og þarf því að greiða núverandi starfsmönnum biðlaun ef þeir kjósa að starfa ekki við hið nýja fangelsi.

Samkvæmt Fangelsismálastofnun er hægt að manna hið nýja fangelsi með lágmarksfjölda fangavarða ef byggt verður innan höfuðborgarsvæðisins, þar sem hægt sé að kalla eftir aðstoð frá Lögreglu höfuðborgarsvæðisins á skömmum tíma ef þurfa þykir. Ef byggt er fyrir utan höfuðborgarsvæðið skal fangelsið vera mannað á öllum tímum með þeim fjölda starfsmanna sem þarf til að geta tekist á við þær aðstæður.

Samkvæmt Fangelsismálastofnun er talið að því nær sem fangelsið er höfuðborgarsvæðinu er líklegra að fangar muni skila sér sjálfir á tilsettum tíma í afplánun og mun það leiða til þess að ekki þurfi að boða viðkomandi aðila í vistun, sækja þá af lögreglu og koma þeim í afplánun með tilheyrandi kostnaði.

Niðurstaða - heildarkostnaðarauki

Miðað við gefnar forsendur er heildar kostnaðaraukinn við að byggja fangelsið á sambærilegum stað og í sambærilegri fjarlægð og Litla Hraun er frá höfuðborgarsvæðinu 26,2 m.ISK á ársgrundvelli eða sem samsvarar 584 m.ISK yfir nýtingartíma fangelsisins núvirt. Taflan að neðan sýnir sundurliðun á þeim liðum sem metnir eru og samtölu þeirra í milljónum króna, annars vegar á ársgrundvelli og hins vegar núvirtan kostnað yfir nýtingartíma.

Kostnaður á ársgrundvelli - miðað við 55 km. frá Hólmsheiði		m.ISK
Yfirheyrslur		13,4
Túlkar		3,6
Flutningur		4,5
Lögmenn		4,7
Samtals		26,2

Kostnaður yfir 40 ár, núvirt - miðað við 55 km. frá Hólmsheiði		
Yfirheyrslur		297,2
Túlkar		80,9
Flutningur		100,2
Lögmenn		105,6
Samtals		584,0

Efri taflan sýnir að kostnaður á ársgrundvelli við yfirheyrslur Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu er áætlaður 13,4 m.ISK, túlkajónustu 3,6 m.ISK, flutning á föngum í dómsal 4,5 m.ISK og greiðslur til lögmanna í opinberum málum 4,7 m.ISK. Heildarkostnaður á ári er því áætlaður 26,2 m.ISK.

Neðri taflan sýnir að núvirtan kostnað yfir 40 ár en við núvirðinguna eru vextir á lengsta flokk verðtryggðra húsnæðisbréfa notaður eða 3,34%. Vextir húsnæðisbréfa eru notaðir þar sem þeir endurspegla áhættulausa vexti og lengd flokksins er í samræmi við nýtingartíma fangelsisins. Rétt er að nota húsnæðisbréf og með engu viðbættu álagi, en þess ber að geta ef notaðir eru vextir sem eru hærri en 3,34% við núvirðingu mun það leiða til lægri heildar núvirts kostnaðar en sýnt er hér og ef vextir eru lægri mun það leiða til hærri kostnaðar.

Kostnaður við yfirheyrslur Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu yfir tímabilið er 297,2 m.ISK, túlkajónusta 91,1 m.ISK, flutningur á föngum 80,9 m.ISK og lögmenn 105,6 m.ISK. Samtals er því heildarkostnaðaraukningin við að byggja 55 km frá Hólmsheiði 584,1 m.ISK yfir nýtingartíma fangelsins.

Vakin er athygli á næmnitölum í næsta hluta sem sýna hvaða áhrif breytingar forsenda mun hafa á niðurstöðuna.

Næmnitöflur

Heildar kostnaðarauki

Töflurnar á eftir sýna heildar kostnaðaraukann þ.e.a.s. vegna yfirheyrslna lögreglunnar, túlkapjónusta, flutning á föngum í dómsal og ferðakostnað lögfræðinga í opinberum málum.

Taflan hér að neðan sýnir heildarkostnaðinn á ári. Heildaráætlaður fjöldi ferða í þessum liðum eru 1.565 sem skiptist í 799 ferðir vegna yfirheyrslna, 324 ferðir vegna túlkapjónustu, 263 ferðir vegna flutninga í dómsali og loks 180 ferðir lögfræðinga. Dálkurinn merktur með gráu sýnir fjarlægðina á milli Hólmsheiðar og Litla Hrauns.

(m.ISK)		Fjöldi kílómetra, breyting						
Heildarfj. ferða, breyting		10,0	25,0	55,0	75,0	100,0	125,0	150,0
	529	3,4	8,6	18,9	25,8	34,5	43,1	51,7
	929	3,8	9,4	20,8	28,3	37,8	47,2	56,6
	1.229	4,1	10,3	22,6	30,8	41,1	51,3	61,6
	1.429	4,4	11,1	24,4	33,3	44,4	55,5	66,6
	1.529	4,8	11,9	26,2	35,8	47,7	59,6	71,6
	1.629	5,1	12,8	28,1	38,3	51,0	63,8	76,5
	1.829	5,4	13,6	29,9	40,7	54,3	67,9	81,5
	2.129	5,8	14,4	31,7	43,2	57,6	72,1	86,5
	2.529	6,1	15,2	33,5	45,7	61,0	76,2	91,4

Taflan sýnir miðað við áætlaðan fjölda ferða á ári eða 1.529 mun aukningin við 10 km vera 4,8 m.ISK. Eftir því sem fjarlægðin eykst fylgir aukinn kostnaður, við 55 km er hann orðinn 26,2 m.ISK og 35,8 m.ISK við 75 km.

Ef áætlaður fjöldi ferða hvers kostnaðarliðs, þ.e.a.s ferðir vegna yfirheyrslna, túlkapjónustu flutninga og ferðir lögfræðinga, er aukinn um 25 ferðir ári eða sem samsvarar því að heildarfjöldi ferða sé 1.629 á hverju ári, mun árlegur kostnaður við hverja 10 km vera 5,1 m.ISK eða 28,1 m.ISK við 55 km.

Taflan hér að neðan sýnir sambærilega töflu og hér að ofan fyrir utan að nú er núvirtur kostnaður yfir nýtingartíma fangelsisins sýndur.

(m.ISK)		Fjöldi kílómetra, breyting						
Heildarfj. ferða, breyting		10,0	25,0	55,0	75,0	100,0	125,0	150,0
	529	76,7	191,7	421,8	575,1	766,8	958,5	1.150,2
	929	84,1	210,1	462,3	630,4	840,6	1.050,7	1.260,9
	1.229	91,4	228,6	502,9	685,7	914,3	1.142,9	1.371,5
	1.429	98,8	247,0	543,4	741,1	988,1	1.235,1	1.482,1
	1.529	106,2	265,5	584,0	796,4	1.061,8	1.327,3	1.592,7
	1.629	113,6	283,9	624,6	851,7	1.135,6	1.419,5	1.703,4
	1.829	120,9	302,3	665,1	907,0	1.209,3	1.511,7	1.814,0
	2.129	128,3	320,8	705,7	962,3	1.283,1	1.603,8	1.924,6
	2.529	135,7	339,2	746,3	1.017,6	1.356,8	1.696,0	2.035,2

Miðað við áætlaðan fjölda ferða er heildarkostnaður á tímabilinu 106,2m.ISK fyrir 10 km. fjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu. Við 55 km fjarlægð reynist aukningin vera 584 m.ISK og 1.061,8 m.ISK fyrir 100 km.

Ef fjöldi ferða hvers kostnaðarliðs er augin um 25 ferðir á ári eða heildar aukningu á árlegum ferðum í 1.665 leiðir það til kostnaðarauka um 113,6 m.ISK fyrir 10 km fjarlægð og 624,6 m.ISK fyrir 55 km.

Yfirheyrslur

Töflurnar hér að neðan sýna kostnaðaraukann við yfirheyrslur á gæsluvarðhaldsföngum samkvæmt áætluðum árlegum ferðum en gert er ráð fyrir 799 ferðum á hverju ári.

Á ári (m.ISK)		Fjöldi kílómetra, breyting						
Fjöldi ferða		10,0	25,0	55,0	75,0	100,0	125,0	150,0
	699	2,1	5,3	11,7	15,9	21,2	26,6	31,9
	724	2,2	5,5	12,1	16,5	22,0	27,5	33,0
	749	2,3	5,7	12,5	17,1	22,8	28,5	34,1
	774	2,4	5,9	12,9	17,6	23,5	29,4	35,3
	799	2,4	6,1	13,4	18,2	24,3	30,3	36,4
	824	2,5	6,3	13,8	18,8	25,0	31,3	37,6
	849	2,6	6,4	14,2	19,3	25,8	32,2	38,7
	874	2,7	6,6	14,6	19,9	26,6	33,2	39,8
	899	2,7	6,8	15,0	20,5	27,3	34,1	41,0

Ef fjarlægðin er 10 km og fjöldi ferða er óbreyttur er kostnaðaraukinn 2,4 m.ISK á ári, ef fjarlægðin er 100 km þá mun kostnaðaraukinn vera 24,3 m.ISK.

Ef fjöldi ferða á ári reynist vera 50 ferðum meiri eða 849 og 25 km fjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu þá er kostnaðaraukin 6,5 m.ISK, 19,3 m.ISK við 75 km og 25,8 m.ISK við 100 km.

Taflan að neðan sýnir kostnaðaraukann við yfirheyrslur á nýtingartíma fangelsisins eða yfir 40 ár.

40 ár,núvirt (m.ISK)		Fjöldi kílómetra, breyting						
		10,0	25,0	55,0	75,0	100,0	125,0	150,0
Fjöldi ferða	699	47,3	118,2	260,0	354,6	472,8	591,0	709,1
	724	49,0	122,4	269,3	367,3	489,7	612,1	734,5
	749	50,7	126,6	278,6	379,9	506,6	633,2	759,9
	774	52,4	130,9	287,9	392,6	523,5	654,4	785,3
	799	54,0	135,1	297,2	405,3	540,4	675,5	810,6
	824	55,7	139,3	306,5	418,0	557,3	696,7	836,0
	849	57,4	143,6	315,8	430,7	574,3	717,8	861,4
	874	59,1	147,8	325,1	443,4	591,2	739,0	886,7
	899	60,8	152,0	334,4	456,1	608,1	760,1	912,1

Miðað við 10 km og óbreyttan fjölda ferða er kostnaðaraukinn 54 m.ISK, ef fjarlægðin er aukin í 100 km þá er kostnaðaraukinn 540 m.ISK á tímabilinu.

Ef fjöldi ferða reynist vera 50 ferðum meiri en áætlað er eða 849, þá reynist kostnaðaraukin við 25 km vera 144 m.ISK, 430 m.ISK við 75 km og 574 m.ISK við 100 km.

Túlkapjónusta

Hér að neðan má sjá kostnaðarauka við túlkapjónustu fyrir gæsluvarðhaldsfanga sem hafa annað tungumál en íslensku að móðurmáli.

Á ári (m.ISK)		Fjöldi kílómetra, breyting						
	10,0	25,0	55,0	75,0	100,0	125,0	150,0	
Fjöldi ferða	188	0,4	1,1	2,4	3,2	4,3	5,4	6,5
	213	0,5	1,2	2,7	3,7	4,9	6,1	7,3
	238	0,5	1,4	3,0	4,1	5,5	6,8	8,2
	263	0,6	1,5	3,3	4,5	6,0	7,5	9,1
	288	0,7	1,7	3,6	5,0	6,6	8,3	9,9
	313	0,7	1,8	4,0	5,4	7,2	9,0	10,8
	338	0,8	1,9	4,3	5,8	7,8	9,7	11,6
	363	0,8	2,1	4,6	6,3	8,3	10,4	12,5
	388	0,9	2,2	4,9	6,7	8,9	11,1	13,4

Gert er ráð fyrir að farnar verði 288 ferðir á hverju ári vegna túlkapjónustu. Kostnaðaraukinn við 55 km er 3,6 m.ISK á ári og 5 m.ISK við 75 km.

40 ár, núvirt (m.ISK)		Fjöldi kílómetra, breyting						
	10,0	25,0	55,0	75,0	100,0	125,0	150,0	
Fjöldi ferða	188	9,6	24,0	52,8	72,0	96,0	120,0	144,0
	213	10,9	27,2	59,8	81,6	108,8	136,0	163,2
	238	12,2	30,4	66,9	91,2	121,6	152,0	182,4
	263	13,4	33,6	73,9	100,8	134,4	168,0	201,6
	288	14,7	36,8	80,9	110,4	147,2	184,0	220,8
	313	16,0	40,0	88,0	120,0	160,0	200,0	239,9
	338	17,3	43,2	95,0	129,6	172,8	216,0	259,1
	363	18,6	46,4	102,1	139,2	185,6	231,9	278,3
	388	19,8	49,6	109,1	148,8	198,4	247,9	297,5

Yfir nýtingartíma fangelsisins eða 40 ár er kostnaðaraukinn 14,7 m.ISK við 10 km, 80,9 km við 55 km. Ef fjöldi ferða er aukin um 25 ferðir er kostnaðaraukinn 16 m.ISK við 10 km og 88 m.ISK við 55 km.

Flutningur í dómsali

Hér að neðan má sjá kostnaðarauka við flutninga á föngum í dómsali eftir fjölda árlegra ferða og fjarlægð frá Hólmsheiði.

Á ári (m.ISK)		Fjöldi kílómetra, breyting						
Fjöldi ferða		10,0	25,0	55,0	75,0	100,0	125,0	150,0
	163	0,5	1,3	2,8	3,8	5,1	6,3	7,6
	188	0,6	1,5	3,2	4,4	5,8	7,3	8,8
	213	0,7	1,7	3,6	5,0	6,6	8,3	9,9
	238	0,7	1,9	4,1	5,6	7,4	9,3	11,1
	263	0,8	2,0	4,5	6,1	8,2	10,2	12,3
	288	0,9	2,2	4,9	6,7	9,0	11,2	13,5
	313	1,0	2,4	5,4	7,3	9,7	12,2	14,6
	338	1,1	2,6	5,8	7,9	10,5	13,2	15,8
	363	1,1	2,8	6,2	8,5	11,3	14,1	17,0

Gert er ráð fyrir 263 ferðum á ári en við 25 km fjarlægð þá er kostnaðaraukinn 2 m.ISK á ári, ef fjarlægðin er 75 km eykst kostnaðurinn í 6,1 m.ISK. Ef fjöldi ferða eykst hinsvegar um 50 á ári eða í 313 ferðir mun kostnaðaraukinn vera 2,4 m.ISK fyrir 25 km og 7,3 m.ISK við 75 km.

40 ár, núvirt (m.ISK)		Fjöldi kílómetra, breyting						
Fjöldi ferða		10,0	25,0	55,0	75,0	100,0	125,0	150,0
	163	11,3	28,2	62,1	84,6	112,9	141,1	169,3
	188	13,0	32,5	71,6	97,6	130,2	162,7	195,3
	213	14,8	36,9	81,2	110,7	147,5	184,4	221,3
	238	16,5	41,2	90,7	123,7	164,9	206,1	247,3
	263	18,2	45,6	100,2	136,7	182,2	227,8	273,4
	288	20,0	49,9	109,8	149,7	199,6	249,5	299,4
	313	21,7	54,2	119,3	162,7	216,9	271,2	325,4
	338	23,4	58,6	128,9	175,7	234,3	292,9	351,4
	363	25,2	62,9	138,4	188,7	251,6	314,5	377,4

Ef fjöldi ferða er óbreyttur þá er kostnaðaraukinn 45,6 m.ISK, ef fjarlægðin er 25 km, 100,2 m.ISK miðað við 55 km og 136,7 m.ISK miðað við 75 km.

Ef fjöldi ferða eykst um 50 ferðir á hverju ári er kostnaðurinn 54,2 m.ISK fyrir 25 km, 119,3 m.ISK fyrir 55 km og 162,7 m.ISK fyrir 75 km.

Ferðakostnaður lögfræðinga í opinberum málum

Töflurnar hér að neðan sýna kostnaðaraukann við ferðarkostnað lögfræðinga í opinberum málum. Gert er ráð fyrir að árlegar ferðir í lögfræðinga í hið nýja fangelsi verði 180 talsins á

hverju ári. Taflan sýnir hver kostnaðaraukinn sé ef áætlaður fjöldi ferða er hærri eða lægri en áætlað er miðað við fjarlægð í kílómetrum.

(m.ISK)		Fjöldi kílómetra, breyting						
Fjöldi ferða		10,0	25,0	55,0	75,0	100,0	125,0	150,0
	80	0,4	1,0	2,1	2,9	3,8	4,8	5,7
	105	0,5	1,3	2,8	3,8	5,0	6,3	7,5
	130	0,6	1,6	3,4	4,7	6,2	7,8	9,3
	155	0,7	1,9	4,1	5,6	7,4	9,3	11,1
	180	0,9	2,2	4,7	6,5	8,6	10,8	12,9
	205	1,0	2,5	5,4	7,4	9,8	12,3	14,7
	230	1,1	2,8	6,1	8,3	11,0	13,8	16,5
	255	1,2	3,1	6,7	9,2	12,2	15,3	18,3
	280	1,3	3,4	7,4	10,1	13,4	16,8	20,1

Taflan sýnir að kostnaðaraukinn er 4,7 m.ISK miðað við 55 kílómetra og eykst í 8,6 m.ISK við 100 m.ISK. Ef fjöldi áætlaðra ferða eykst um 50 ferðir á ári mun kostnaðaraukinn aukast samhlíða í eða 6,1 m.ISK við 55 km og 8,3 við 75 km.

(m.ISK)		Fjöldi kílómetra, breyting						
Fjöldi ferða		10,0	25,0	55,0	75,0	100,0	125,0	150,0
	80	8,5	21,3	46,9	63,9	85,2	106,5	127,8
	105	11,2	28,0	61,6	83,9	111,9	139,9	167,9
	130	13,9	34,7	76,2	104,0	138,6	173,3	207,9
	155	16,5	41,3	90,9	124,0	165,3	206,6	248,0
	180	19,2	48,0	105,6	144,0	192,0	240,0	288,0
	205	21,9	54,7	120,3	164,0	218,7	273,4	328,0
	230	24,5	61,3	135,0	184,0	245,4	306,7	368,1
	255	27,2	68,0	149,6	204,1	272,1	340,1	408,1
	280	29,9	74,7	164,3	224,1	298,8	373,5	448,2

Yfir nýtingartíma fangelsisins er kostnaðaraukinn miðað við 180 ferðir á ári hverju og 10 km fjarlægð vera 19,2 m.ISK og 105,6 m.ISK við 55 km. Ef fjöldi ferða eykst um 50 ferðir á ári hverju mun kostnaðaraukinn vera 135 m.ISK miðað við 55 km og 184 m.ISK við 75 km.

Útreikningur og forsendur

Yfirheyrslur Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu

Hér að neðan má sjá hvernig kostnaður Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu við yfirheyrslur á gæsluvarðhaldsföngum er leiddur út og útskýringar á þeim forsendum sem notast er við.

Kostnaður vegna yfirheyrsla á gæsluvarðhaldsföngum	
Fjöldi starfsmanna í yfirheyrslu	2,0
Tímakaup starfsmanns	3.296,0
Launakostnaður hver klst	6.592,0
Fjarlægð frá núllpunkti	55,0
Meðalhraði	89,1
Tími flutnings klst (báðar leiðir)	1,2
Bírfreiðarkostnaður pr. km	78,0
Launagreiðslur við flutning báðar leiðir	8.138,3
Bírfreiðarkostnaður báðar leiðir	8.580,0
Samtals kostnaður báðar leiðir	16.718,3
Gæsluvarðhaldsfangar	
Fjöldi gæsluvarðhaldsúrskurða pr. ár	101,0
Meðallengd úrskurða, dagar	34,6
Fjöldi yfirheyrsla á viku	2,0
Fjöldi yfirheyrsla hvern gæsluvarðhaldsúrskurð	9,9
Fjöldi yfirheyrsla á ári	998,5
Samnýting ferða	20%
Samtals ferðir eftir samnýtingu	798,8
Flutningskostnaður á gæsluvarðhaldsföngum á ársgrundvelli	13.353.982
Samtals kostnaður á 40 árum	534.159.286
Núvirðingarstuðull, lengsti flokkur verðtryggðra húsnæðisbréfa	3,34%
Samtals kostnaður á 40 árum, núvirt	297.232.514

Gæsluvarðhaldsfangar: Samkvæmt Fangelsismálastofnun er gert ráð fyrir að allir gæsluvarðhaldsfangar verði vistaðir í hinu nýja fangelsi.

Fjöldi starfsmanna við yfirheyrslu: Samkvæmt skrifstofu Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu eru tveir starfsmenn lögreglunnar viðstaddir hverja yfirheyrslu.

Tímakaup starfsmanna: Meðaltímakaup yfirheyrslumanna þar með talið launatengd gjöld, samkvæmt lögreglunni er 3.296 kr.

Miðað við að tveir starfsmenn sjái um flutning á hverjum fanga og tímakaup sem nemur 3.296 kr. gerir launakostnað fyrir hvern klukkutíma 6.592 kr.

Fjarlægð frá núllpunkti: Hér er notast við 55 kílómetra sem er fjarlægðin frá Hólmsheiði til Litla Hrauns.

Meðalhraði: Samkvæmt upplýsingum frá Vegagerðinni er meðalhraði bifreiða á þjóðvegum landsins 89,1 km/klst.

Miðað við 55 kílómetra fjarlægð frá Hólmsheiði og meðalhraðan 89,1 km/klst tekur 1,2 klst að aka báðar leiðir. 1,2 klukkustunda ferðalag, tveir starfsmenn með meðaltals tímakaupið 3.296 kr. leiðir til að hver ferð kostar 8.138 kr. í launakostnað.

Bifreiðarkostnaður: Samkvæmt skrifstofu Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu greiðir embættið fast árlegt gjald og breytilegan kostnað eftir eknum kílómetrum. Við mat á kostnaðaraukningu er litið til breytilega kostnaðarins sem lögreglan greiðir eða 78 kr/km.

Miðað við að greiðsla fyrir afnot af bifreið Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu sé 78 kr/km og 55 kílómetra fjarlægð leiðir til kostnaðarauka vegna ferðarinnar báðar leiðir sé 8.580 kr.

Fjöldi gæsluvarðhaldsúrskurða: Við útreikninginn eru notaðir meðaltals fjöldi gæsluvarðhaldsúrskurða á árunun 2005 - 2009 sem reyndist vera 101 úrskurður.

Lengd gæsluvarðhaldsúrskurða: Meðallengd hvers gæsluvarðhaldsúrskurðar sama tímabili er 34,6 dagar.

Fjöldi yfirheyrsla á viku: Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu áætla að hver fangi í gæsluvarðhaldi sé yfirheyrður tvisvar í viku.

Fjöldi yfirheyrsla fyrir hvern gæsluvarðhaldsúrskurð: Þegar tekið er mið að lengd gæsluvarðhalds (34,6 dagar) og tíðni yfirheyrsla (tvisvar í viku) er hver gæsluvarðhaldsfangi yfirheyrður 10 sinnum að meðaltali. Miðað við að hver gæsluvarðhaldsfangi sé yfirheyrður 10 sinnum og gert sé ráð fyrir 101 úrskurði á ársgrundvelli leiðir til að farnar eru 998,5 ferðir.

Samnýttar ferðir: Lögreglan áætla að hægt sé að samnýta 20% af ætluðum ferðum á ári sem leiðir til fækkunar á árlegum ferðum sem því nemur. Samnýttar ferðir lækka því áætlaðan fjölda ferða úr 998,5 í 798,8 ferðir.

Miðað við að gert sé ráð fyrir 798,8 ferðum á ársgrundvelli og heildarkostnaðarauki við hverja ferð báðar leiðir sé 16.718 kr. er heildarkostnaðaraukinn á ársgrundvelli 13,4 m.ISK.

Ef gert sé ráð fyrir að nýtingartími fangelsisins sé 40 ár er heildar núvirtur kostnaðarauki 297,2 m.ISK.

Túlkapjónusta

Hér að neðan má sjá hvernig kostnaður við túlkapjónustu er leiddur út og útskýringar á þeim forsendum sem notast er við. Við útreikninginn er notast við gögn frá Lögreglunni á höfuðborgarsæðinu og Ríkiskaupum.

Kostnaður vegna túlka	
Fjöldi túlka við yfirheyrslu	1,0
Tímakaup túlks	3.294,0
Launakostnaður per klst.	3.294,0
Fjarlægð frá núllpunkti	55,0
Meðalhraði	89,1
Tími flutnings klst (báðar leiðir)	1,2
Bifreiðakostnaður per klst	78,0
Launagreiðslur vegna túlks	4.066,7
Bifreiðakostnaður	8.580,0
Samtals kostnaður báðar leiðir	12.646,7
Fjöldi gæsluvarðhaldsúrskurða	101,0
Hlutfall úrskurða sem hafa rétt á túlk	36%
Fjöldi úrskurða með túlk	36,4
Meðallengd úrskurða, dagar	34,6
Fjöldi yfirheyrsla á viku	2,0
Fjöldi yfirheyrsla hvern gæsluvarðhaldsúrskurð	9,9
Fjöldi yfirheyrsla á ári	359,4
Samnýting ferða	20%
Fjöldi ferða eftir samnýtingu	287,6
Kostnaður á ársgrundvelli vegna túlka	3.636.620,5
Samtals kostnaður á 40 árum	145.464.821,8
Núvirðingarstuðull, lengsti flokkur verðtryggðra húsnæðisbréfa	3,34%
Samtals kostnaður á 40 árum, núvirt	80.943.785,5

Fjöldi túlka við yfirheyrslu: Einn túlkur er viðstaddur hverja yfirheyrslu.

Tímakaup túlks: Samkvæmt rammasamningi Ríkiskaupa er samið við 6 félög til að veita túlkapjónustu fyrir opinberar stofnanir. Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu skiptir við tvö félög en meðaltímataxti þeirra samkvæmt rammasamningi er 3.294 kr.

Fjarlægð frá núllpunkti: Hér er notast við 55 kílómetra sem er fjarlægðin frá Hólmsheiði til Litla Hrauns.

Meðalhraði: Samkvæmt upplýsingum frá Vegagerðinni er meðalhraði bifreiða á þjóðvegum landsins 89,1 km/klst.

Miðað við 55 kílómetra fjarlægð frá Hólmsheiði og meðalhraðan 89,1 km/klst tekur 1,2 klst að aka báðar leiðir. Miðað við 1,2 klukkustunda ferðalag, einn starfsmann með meðaltals tímakaupið 3.294 kr. leiðir til að hver ferð kostar 4.067 kr. í launakostnað

Bifreiðarkostnaður: Greitt er kílómetragjald samkvæmt opinberum töxtum eða 78 kr fyrir hvern ekinn kílómetra.

Miðað við 55 kílómetra fjarlægð frá Hólmsheiði, meðalhraðan 89,1 km/klst og 78 kr í kostnað fyrir hvern ekinn kílómetra leiðir til að hver ferð kostar 8.580 kr.

Fjöldi úrskurða á ári sem þarfnast túlkabjónustu: Samkvæmt tölfræði Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðisins á árunum 2005-2009 reyndust að meðaltali 36% úrskurða vera einstaklingar með annað móðurmál en íslensku. Miðað við 101 árlega gæsluvarðhaldsúrskurði eiga 36 rétt á að hafa túlk viðstaddan við yfirheyrslur.

Fjöldi yfirheyrsla fyrir hvern gæsluvarðhaldsúrskurð: Þegar tekið er mið að lengd gæsluvarðhalds (34,6 dagar) og tíðni yfirheyrsla (tvisvar í viku) er hver gæsluvarðhaldsfangi yfirheyrður 10 sinnum að meðaltali. Miðað við að hver gæsluvarðhaldsfangi sé yfirheyrður 10 sinnum og gert sé ráð fyrir 36 úrskurðum á ársgrundvelli leiðir til að farnar eru 360 ferðir.

Samnýttar ferðir: Sömu forsendu er beitt við samnýtingu ferða eða gert er ráð fyrir að hægt sé að samnýta 20% af ætluðum ferðum á ári. Samnýting ferða leiðir til fækkunar á árlegum ferðum úr 360 í 288.

Miðað við að gert sé ráð fyrir 288 ferðum á ársgrundvelli og heildarkostnaðarauki við hverja ferð báðar leiðir sé 12.647 kr. er heildarkostnaðaraukinn á ársgrundvelli 3,6 m.ISK.

Ef gert sé ráð fyrir að nýtingartími fangelsisins sé 40 ár er heildar núvirtur kostnaðarauki 80,9 m.ISK.

Flutningur fanga í dómsali

Hér að neðan má sjá hvernig flutningur á föngum í dómsali er leiddur út og útskýringar á þeim forsendum sem notast er við. Við útreikninginn er notast við gögn frá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu og Fangelsismálastofnun og rauntölur um slíka flutninga á föngum á Litla Hrauni árið 2009. Útreikningurinn hér að neðan miðar við að fjarlægð frá Hólmsheiði sé 55 km.

Flutningur á gæsluvarðhalds og afplánunarföngum á ársgrundvelli	
Fjarlægð frá núllpunkti	55,0
Meðalhraði	89,1
Tími flutnings báðar leiðir	1,2
Lögregla Höfuðborgarsvæðisins	
Fjöldi flutningsmanna	2,0
Tímakaup flutningsmanna	3.296,0
Launakostnaður per. klst	6.592,0
Bifreiðakostnaður	78,0
Launagreiðslur við flutning báðar leiðir	8.138,3
Bifreiðarkostnaður báða leiðir	8.580,0
Samtals flutningskostnaður báðar leiðir	16.718,3
Fangelsismálastofnun	
Fjöldi flutningsmanna	2,0
Tímakaup flutningsmanna	3.804,0
Launakostnaður pr. klst	7.608,0
Bifreiðakostnaður pr. km	99,0
Launagreiðslur við flutning báðar leiðir	9.392,6
Bifreiðarkostnaður báða leiðir	10.890,0
Samtals flutningskostnaður	20.282,6
Fjöldi fanga	
Meðal fjöldi gæsluvarðhaldsrýma	16,8
Fjöldi ferða m.v. gæsluvarðhaldsrými	12,6
Fjöldi ferða á ári	211,7
Meðal fjöldi gæsluvarðhaldsrýma	39,2
Fjöldi ferða m.v. Afplánunarrými	1,3
Fjöldi ferða á ári	51,0
Hlutfall ferða Lögreglu höfuðborgarsvæðisins	88%
Fjöldi ferða Lögreglu	231,1
Hlutfall ferða Fangelsismálastofnun	12%
Fjöldi ferða Fangelsismálastofnun	31,5
Heildar fjöldi ferða	262,6
Flutningskostnaður á ári	
Lögregla Höfuðborgarsvæðisins	3.863.980,4
Fangelsismálastofnun	639.242,4

Heildarkostnaður á ári	4.503.222,8
Samtals flutningskostnaður á 40 árum	180.128.913,8
Núvirðingarstuðull, lengsti flokkur verðtryggðra húsnæðisbréfa	3,34%
Samtals kostnaður á 40 árum, núvirt	100.232.592,2

Fjöldi flutningsmanna: Við flutning á hverjum fanga eru tveir starfsmenn lögreglunnar eða Fangelsismálastofnunnar.

Tímakaup lögreglumanna: Samkvæmt Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu er tímakaup flutningsmanna með launatengdum gjöldum 3.296 kr.

Fjarlægð frá núllpunkti: Við útreikninginn er notast við 55 kílómetra sem er fjarlægðin frá Hólmsheiði til Litla Hrauns.

Meðalhraði: Samkvæmt upplýsingum frá Vegagerðinni er meðalhraði bifreiða á þjóðvegum landsins 89,1 km/klst.

Miðað við fjarlægðina 55 kílómetra, tímakaup lögreglumanna og meðalhraðann 89,1 km/klst er launakostnaður við hverja ferð báðar leiðir 8.138 kr.

Bifreiðakostnaður lögreglunnar: Samkvæmt skrifstofu Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu greiðir embættið fyrir afnot af bifreiðum að upphæð 78 kr./km.

Miðað við fjarlægðina 55 kílómetra og kostnað sem nemur 78 kr fyrir hvern ekinn kílómetra er kostnaður við hverja ferð báðar leiðir 8.580 kr. Samtals eru því launakostnaður og bifreiðakostnaður 16.718 kr. við hverja ferð báðar leiðir.

Tímakaup flutningsmanna Fangelsismálastofnunnar: Samkvæmt Fangelsismálastofnun er tímakaup starfsmanna á þeirra vegum í flutningum með launatengdum gjöldum að meðaltali 3.804 kr.

Miðað við fjarlægðina, meðalhraða í akstri og tímakaup er launakostnaður við tiltekna ferð báðar leiðir 9.393 kr.

Bifreiðakostnaður Fangelsismálastofnunnar: Fangelsismálastofnun greiðir 99 kr. fyrir hvern ekinn kílómetra.

Bifreiðakostnaður við ferðina báðar leiðir er því 10.890 kr. Samtals kostnaður við ferðina eða launakostnaður og bifreiðakostnaður er því 20.283 kr.

Fjöldi fanga í hinu nýja fangelsi: Ætlað er að þegar hið nýja fangelsi mun verða starfrækt mun öðrum gæsluvarðhaldsrýmum vera lokað og hið nýja fangelsi alfarið sinna þeirri gæsluvarðhaldsvistun sem þörf er á ásamt því að sinna afplánunarföngum.

Meðaltals árs notkun á gæsluvarðhaldsrýmum á árunum 2006 - 2009 voru 16,8 og er notast við þann fjölda til að áætla nýtingu á gæsluvarðhaldsrýmum nýja fangelsisins. Samkvæmt gögnum Fangelsismálastofnunnar voru farnar 12,6 ferðir miðað við notkunar á gæsluvarðhaldsrýmum á Litla Hrauni á árinu 2009. Því má áætla að miðað við fjölda

gæsluvarðhaldsrýma og fjölda ferða á árinu 2009 að Litla Hrauni, að verði farnar 212 ferðir á hverju ári í hið nýja fangelsi á hverju ári.

Meðaltalsfjöldi afplánunarrýma er áætlaður 39,2 á ársgrundvelli en á árinu 2009 voru farnar að meðaltali 1,3 ferðir með hvert afplánunarrými á Litla Hrauni. Því er áætlað að það verði farin 51 ferð á ári miðað við fjölda afplánunarrýma í nýja fangelsinu.

Hlutfall flutninga lögreglunnar og Fangelsismálastofnunnar: Árið 2009 voru farnar 290 ferðir vegna flutninga í dómsali. Þar af fór lögreglan 211 ferðir eða 88% og starfsmenn Fangelsismálastofnunnar 79 eða 12% af heildarferðum. Hlutfallið árið 2009 er sem viðmið til að áætla hvaða stofnun muni sinna flutningum í framtíðinni.

Miðað við þessar forsendur mun Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu fara 231 ferð og starfsmenn Fangelsismálastofnunnar 32.

Kostnaðarauki Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu á ársgrundvelli miðað við 55 km fjarlægð mun þá vera 3,9 m.ISK og Fangelsismálastofnunnar 0,6 m.ISK, eða samtals 4,5 m.ISK.

Á 40 ára tímabili mun kostnaðaraukinn samtals vera 100 m.ISK.

Kostnaður við ferðir lögfræðinga í opinberum málum

Hér að neðan má sjá hvernig ferðakostnaður lögfræðinga í opinberum málum er leiddur út og útskýringar á þeim forsendum sem liggja að baki.

Kostnaður vegna lögmanna í opinberum málum	
Tímakaup lögfræðinga	12.550,0
Kílómetra greiðsla til lögfræðinga	99,0
Fjarlægð frá núllpunkti	55,0
Meðalhraði	89,1
Tími í keyrslu (báðar leiðir)	1,2
Greiðsla í tímakaup	15.493,8
Kílómetragreiðsla	10.890,0
Samtals kostnaður	26.383,8
Meðal fjöldi varðhaldsrýma	
Gæsluvarðhald	16,8
Afplánun	39,2
Samtals	
Fjöldi ferða á ársgrundvelli	
Gæsluvarðhald	8,4
Heildar fjöldi vegna gæsluvarðhalds	140,6
Afplánun	1,0
Heildar fjöldi vegna afplánun	39,2
Samtals fjöldi ferða	179,8

Kostnaður tengdur gæsluvarðhaldsföngum	3.709.988,2
Kostnaður tengdur afplánun	1.034.246,0
Samtals kostnaður lögmanna	4.744.234,3
Samtals kostnaður við lögmenn á 40 árum	189.769.370,6
Núvirðingarstuðull, lengsti flokkur verðtryggðra húsnæðisbréfa	3,34%
Samtals kostnaður við lögmenn á 40 árum, núvirt	105.597.016,7

Tímakaup lögfræðinga: Hér er notast við tímataxta lögfræðinga í opinberum málum eða 10.000 kr/klst að viðbættum virðisaukaskatti.

Kílómetragjald lögfræðinga: Samkvæmt stéttarfélagi lögfræðinga fá lögfræðingar greitt 99 krónur fyrir hvern ekinn kílómetra.

Fjarlægð frá núllpunkti: Við útreikninginn er notast við 55 kílómetra sem er fjarlægðin frá Hólmsheiði til Litla Hrauns.

Meðalhraði: Samkvæmt upplýsingum frá Vegagerðinni er meðalhraði bifreiða á þjóðvegum landsins 89,1 km/klst.

Miðað við tímakaup lögfræðinga og áætlaðan ferðatíma er kostnaðarauki við tímakaup lögfræðinga 15.494 kr. Miðað við kílómetragreiðslu til lögfræðinga og fjarlægðina 55 kílómetra eru akstursgreiðslur 10.890 kr og heildar kostnaðaraukinn því 26.384 kr.

Fjöldi gæsluvarðhaldsfanga: Meðaltals fjöldi gæsluvarðhaldsfanga á dag á árunum 2006 – 2009 voru 16,8 og er notast við þann fjölda til að áætla nýtingu á gæsluvarðhaldsrýmum fangelsisins.

Fjöldi afplánunarfanga: Meðaltalsfjöldi afplánunarfanga er áætlaður sem 39,2 á ársgrundvelli

Fjöldi ferða vegna gæsluvarðhaldsfanga: Á árinu 2009 fóru lögfræðingar 140 heimsóknir á Litla Hraun vegna gæsluvarðhaldsfanga. Miðað við árs nýtingu á gæsluvarðhaldsrýmum á Litla Hrauni á árinu 2009 voru 16,7 gæsluvarðhaldsrými og því er hlutfall heimsókna lögfræðinga 8,4 á hvert rými.

Miðað við að farnar eru 8,4 ferðir á hvert rými og gert sé ráð fyrir að notkunin verði 16,8 í hinu nýja fangelsi leiðir til að áætlaður fjöldi ferða á ári verði 141 ferð.

Fjöldi ferða afplánunarfanga: Samkvæmt Fangelsismálastofnun er ekki mikið um heimsóknir lögfræðinga til afplánunarfanga en það kemur hins vegar fyrir af og til. Við útreikninginn áætla Fangelsismálastofnun að hvert afplánunarrými fái eina heimsókn á hverju ári. Miðað við fjölda rýma eru því heildarferðir á ári 39.

Viðauki

Yfirheyrslur

Launakostnaður	$(\text{Fjöldi flutningsmanna} \times \text{tímakaup}) \times (\text{fjarlægð í km/meðalhraði í akstri, km á klst}) \times 2$
Bifreiðakostn	$(\text{Fjarlægð í km} \times \text{kostnaður per km}) \times 2$
Samtals	Kostnaðarauki við yfirheyrslur = fjöldi ferða $\times$ (launakostnaður + bifreiðakostnaður)

Tímakaup	$(2 \times 3296) \times (55/89,1) \times 2$
Bifreiðakostnaður	$(55 \times 78) \times 2$
Samtals	$799 \times (8138 + 8580)$

Túlkaþjónusta

Launakostnaður	$(\text{Fjöldi túlka} \times \text{tímakaup}) \times (\text{fjarlægð í km/meðalhraði í akstri, km á klst}) \times 2$
Bifreiðakostn	$(\text{Fjarlægð í km} \times \text{kostnaður per km}) \times 2$
Samtals	Kostnaðarauki við túlkaþjónustu = fjöldi ferða $\times$ (launakostnaður + bifreiðakostnaður)

Launakostnaður	$(1 \times 3294 \times (55/89,1)) \times 2$
Bifreiðakostn	$(55 \times 78) \times 2$
Samtals	$288 \times (4067 + 8580)$

Flutningur á föngum

Launakostnaður	$(\text{Fjöldi flutningsmanna} \times \text{meðal tímakaup}) \times (\text{fjarlægð í km/meðalhraði í akstri, km á klst}) \times 2$
Bifreiðakostn	$(\text{Fjarlægð í km} \times \text{meðal kostnaður per km}) \times 2$
Samtals	Kostnaðarauki við flutning = fjöldi ferða $\times$ (launakostnaður + bifreiðakostnaður)

Launakostnaður	$(2 \times 3357) \times (55/89,1) \times 2$
Bifreiðakostn	$(55 \times 80,5) \times 2$
Samtals	$263 \times (8289 + 8855)$

Kostnaður vegna lögfræðinga í opinberum málum

Launakostnaður	$(\text{Tímakaup lögfræðinga} \times (\text{fjarlægð í km/meðalhraði í akstri, km á klst})) \times 2$
Bifreiðakostn	$(\text{Fjarlægð í km} \times \text{kostnaður per km}) \times 2$
Samtals	Kostnaðarauki vegna lögfr. = fjöldi ferða $\times$ (launakostnaður + bifreiðakostnaður)

Launakostnaður	$(12550 \times (55/89,1)) \times 2$
Bifreiðakostn	$(55 \times 99) \times 2$
Samtals	$180 \times (15494 + 10890)$